



HRUNAMANNAHREPPUR

1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 8. FUNDUR ÁRSINS
VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ 2018
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 12. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund, sá sveitarstjórnarmaður með lengsta setu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa og óskaði þeim velfarnaðar í starfi. Óskaði hún eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Kosning oddvita og varaoddvita.
2. Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.
3. Breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps.
4. Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. samþykktum sveitarfélagsins.
5. Aukaaðalfundur SASS: Kosning fulltrúa.
6. Aukaaðalfundur SOS: Kosning fulltrúa.
7. Aukaaðalfundur Bergrisans bs.
8. Tölvur til sveitarstjórnarmanna.
9. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Kosning oddvita og varaoddvita.**
Lögð var fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem oddvita sveitarstjórnar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum en Jón og Bjarney sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Sigurð Sigurjónsson sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum en Jón og Bjarney sátu hjá.
2. **Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.**
Oddviti lagði fram tillögu um að ráða Jón G. Valgeirsson áfram sem sveitarstjóra sveitarfélagsins. Jafnframt var lagður fram ráðningarsamningur við Jón G. Valgeirsson. Ráðningin og ráðningarsamningurinn var samþykktur samhljóða og felur oddvita að undirrita hann. Eftirfarandi bókun var lögð fram af fulltrúum D-lista: Eftir góð samskipti, samtöl og breytt viðhorf sveitarstjóra í kjölfar kosninga styður D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra endurráðningu sveitarstjóra. Jón G. Valgeirsson vék sæti af fundi við meðferð og afgreiðslu málsins.
3. **Breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps.**
Oddviti lagði fram tillögu á breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til fyrri umræðu. Sveitarstjórn leggur til að breytingar verði gerðar á tillögunni þannig að menningarmál verði inni í atvinnu- og ferðamálanefnd og að sú nefnd nefnist atvinnu-, ferða- og menningarnefnd. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
4. **Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. sa**
Oddviti lagði fram lista um skipan í nefndir og ráð. Tillagan er unnin í samvinnu við H-lista og D-lista Sjálfstæðismanna og óháðra.

Tillaga um skipan í stjórnir, nefndir og ráð Hrunamannahrepps:

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Steinunn Margrét Larsen, formaður, Helgi Jóhannesson og Esther Guðjónsdóttir.

Varamenn: Guðrún S. Alfreðsdóttir, Magnús Víðir Guðmundsson og Inga Jóna Hjaltadóttir.

Skólanefnd:

Aðalmenn: I. Elsa Ingjaldsdóttir, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson og Íris Dröfn Kristjánsdóttir.

Varamenn: Guðríður Eva Þórarinsdóttir, Björgvin Ólafsson og Ásta Rún Jónsdóttir.

Landbúnaðarnefnd:

Aðalmenn: Björgvin Ólafsson, formaður, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson.

Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Umhverfisnefnd:

Aðalmenn: Daði Geir Samúelsson, formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Varamenn: Unnsteinn Logi Eggertsson, Marta Esther Hjaltadóttir og Sigfríð Lárusdóttir.

Veitustjórn:

Aðalmenn: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, Bogi Pétur Eiríksson, I. Elsa Ingjaldsdóttir, Jón Bjarnason og Bjarney Vignisdóttir.

Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Þröstur Jónsson.

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd:

Aðalmenn: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Rúnar Guðjónsson.

Varamenn: Arna Þöll Sigmundsdóttir, Daði Geir Samúelsson og Hanna Björk Grétarsdóttir.

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd:

Aðalmenn: Guðríður Eva Þórarinsdóttir, formaður, Heimir Sigurðsson og Sigfríð Lárusdóttir.

Varamenn: Jónína Sif Harðardóttir, Bogi Pétur Eiríksson og Hrund Pálsdóttir.
Nefndin tekur formlega til starfa eftir samþykki sveitarstjórnar á breytingum á samþykktum.

Öldungaráð Hrunamannahrepps:

Sveitarstjórn skipar fulltrúa sína þá Halldór Guðnason og Þröstur Jónsson.

Yfirstjórn sameiginlegar skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps (NOS):

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Jón G. Valgeirsson.

Tilnefnd sem fulltrúar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshrepps:

Aðalmaður: Bjarney Vignisdóttir.

Varamaður: Kolbrún Haraldsdóttir.

Skipulagsnefnd Uppsveita:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamaður: Sigurður Sigurjónsson.

Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.:

Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir

Varamaður: Sigurður Sigurjónsson.

Héraðsnefnd Árnesinga:
Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.
Varamaður: Sigurður Sigurjónsson.
Áheyrnarfulltrúi: Jón Bjarnason.
Varamaður áheyrnarfulltrúa: Bjarney Vignisdóttir.

Almannavarnarnefnd Árnessýslu:
Aðalmaður: Jón G. Valgeirsson.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Landgræðslufélag Hrunamanna:
Aðalmaður: Bjarni Valur Guðmundsson.
Varamaður: Benedikt Kristinn Ólafsson.

Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu:
Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.
Varamaður: Sigurður Sigurjónsson.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:
Aðalmaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.
Varamaður: Sigurður Sigurjónsson.

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.
Aðalmaður: Jón G. Valgeirsson.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

H-listi tekur fram að D-lista Sjálfstæðismanna og óháðra var boðin formennska í Landbúnaðarnefnd en þáði það ekki.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélagsins en jafnframt vill D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra bóka eftirfarandi:

Við hjá D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra óskuðum eftir formennsku og meirihluta í þrem nefndum af sjö en því var hafnað af naumum meirihluta H-lista. Þarna er ekki farið rétt með lýðræðið að okkar mati. Engin ósk okkar um formennsku nefnda var uppfyllt af H-listanum og er sú byrjun á kjörtímabilinu ekki í takt við það sem kjósendur völdu á kjördag.

Sveitarstjórn þakkar fráfarandi nefndarfólki fyrir góð störf og óskar nýju nefndarfólki velfarnaðar í störfum sínum.

Sveitarstjórn samþykkir að erindisbréf fyrir nefndir verði endurskoðuð og að sameiginlegur fundur nefndafólks verði haldinn í haust þar sem farið verði yfir fundarsköp og verkferla nefnda.

5. **Aukaaðalfundur SASS: Kosning fulltrúa.**

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi SASS þann 26.-27. júní n.k. Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Jón Bjarnason en til vara Halldóra Hjörleifsdóttir og Bjarney Vignisdóttir.

6. **Aukaaðalfundur SOS: Kosning fulltrúa.**

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. þann 27. júní n.k. verði Jón G. Valgeirsson og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

7. **Aukaaðalfundur Bergrisans bs.**

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Bergrisans bs. þann 18. júní n.k. Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Sigfríð Lárusdóttir. Til vara Sigurður Sigurjónsson og Jón Bjarnason.

8. **Tölvur til sveitarstjórnarmanna.**

Oddviti lagði fram tillögu um að keyptar verði fartölvur til aðalmanna í sveitarstjórn sem sveitarstjórnarmenn eignist að kjörtímabili loknu og einnig verði keyptur sími fyrir oddvita. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

9. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar yrði haldinn mánudaginn 2. júlí n.k. kl. 14:00.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.55.